

Mannvirkjastofnun
rafmagnsöryggissvið

Markaðseftirlit með rafföngum
Skoðunarhandbók

Útgáfa 9
22.01.2018

EFNISYFIRLIT

1. ALMENN ATRÍÐI.....	1
2. UPPBYGGING LISTA YFIR ATRÍÐI TIL SKOÐUNAR	2
3. VÆGI ATHUGASEMDA OG NIÐURSTAÐA ÖRYGGISMATS.....	3
3.1 FLOKKUN ATHUGASEMDA	3
3.2 MAT Á ÖRYGGI RAFFANGA	3
4. FLOKKAR SKOÐANA.....	5
4.1 A-FLOKKUR SKOÐANA.....	5
4.2 B-FLOKKUR SKOÐANA.....	5
5. MEÐFERÐ SKOÐUNARVOTTORÐA.....	6
5.1 MEÐFERÐ A-VOTTORÐS	6
5.2 MEÐFERÐ B-VOTTORÐS	7

1. Almenn atriði

Skoðunarhandbókin er ætluð til notkunar við markaðseftirlit með rafföngum sem skilgreint er í verklagsreglum Mannvirkjastofnunar. Skoðunatriðalisti handbókarinnar er byggður á öryggisákvæðum reglugerðar um raforkuvirki og nær til helstu öryggisákvæða raftækniastaðla.

Skoðanir raffanga miða að því að kanna samræmi þeirra við grunnkröfur um öryggi skv. reglugerð um raforkuvirki. Vísað er til staðla þeirra sem kveðið er á um í reglugerðinni varðandi sérákvæði sem eiga við um einstaka flokka raffanga eða nánari skilgreiningar einstakra skoðunatriða.

Einungis skal skoða þau atriði sem að mati skoðunarmanns geta haft áhrif á öryggi þess raffangs sem til skoðunar er hverju sinni. Mannvirkjastofnun getur skilgreint sérstaklega þau atriði sem A-skoðun skal að lágmarki ná til.

Skoðunarmaður skal hafa faglega hæfni til að meta út frá öryggissjónarmiði atriði sem geta rýrt öryggi raffangsins, jafnvel þó þau séu ekki skilgreind í skoðunarhandbókinni. Telji skoðunarmaður ástæðu til að gera slíka athugasemd skal hún vera í samræmi við viðeigandi staðla eða önnur kröfuskjöl.

Þess skal gætt að rafföng sem skoðuð eru, séu í skoðunarhæfu ástandi. Þau skulu vera í þeim umbúðum sem þau eru seld í, ekki vera gölluð eða skemmd og skulu vera raunhæf sýnishorn viðkomandi gerðar. Sé um að ræða rafföng í rekstri skal þó gera ráð fyrir eðlilegu sliti.

Aflað skal, eins og kostur er, upplýsinga um uppruna hvers raffangs sem skoðað er, eins og skilgreint er í verklagsreglum.

2. Uppbygging lista yfir atriði til skoðunar

Listinn er byggður upp á eftirfarandi hátt:

Skoðunatriði:

Heiti þess atriðis sem skoða skal.

Skilgreining skoðunatriða:

Skýringar á skoðunatriðum, s.s. dæmi um leyfðar útfærslur eða kröfur viðmiðunarskjala.

Athugasemdir:

Lýsing á athugasemdum sem geta fallið undir viðkomandi skoðunarlið.

Aðferð:

Aðferðir sem nota skal til að meta viðkomandi athugasemd. Aðferðirnar sem hægt er að beita eru eftirfarandi:

S Sjónskoðun

M Mæling / athugun skoðunarstofu

P Prófun framkvæmd af faggiltri prófunarstofu

Flokkun athugasemda:

Möguleg flokkun hvernar athugasemdar í flokka 0 til 3. Sé ekki um frávik að ræða telst það athugasemd í flokki 0.

3. Vægi athugasemda og niðurstaða öryggismats

Mat á hættu miðast við það, hvort öryggi manna, húsdýra eða eigna sé stefnt í hættu þegar raffangið er rétt upp sett, því við haldið og það notað með þeim hætti sem til er ætlast.

3.1 **Flokkun athugasemda**

Athugasemdir sem gerðar eru við samræmi raffangs við öryggisákvæði reglugerðar um raforkuvirki eru flokkaðar eins og hér segir:

0. flokkur:

Engin frávik frá öryggisákvæðum koma fram við skoðun.

1. flokkur:

Frávik frá öryggisákvæðum sem ekki er talið hafa í för með sér hættu, nema aðrir samverkandi þættir komi til.

2. flokkur:

Frávik frá öryggisákvæðum sem talið er að valdið geti hættu.

3. flokkur:

Alvarlegt frávik frá öryggisákvæðum sem valdið getur hættu

3.2 **Mat á öryggi raffanga**

Að lokinni flokkun athugasemda er raffangið metið á grundvelli þess í eitt eftirfarandi fjögurra stiga. Miða skal við að stig öryggismats sé jafnt að tölugildi og hæsti flokkur athugasemda sem gerðar eru. Sé um að ræða athugasemdir sem samverkandi gætu haft í för með sér aukna hættu skal hækka matið um eitt stig. Hækkun mats skal rökstudd.

Stig 0: Engar athugasemdir

Raffangið uppfyllir að mati skoðarmanns öryggisákvæði reglugerðar um raforkuvirki.

Stig 1: Athugasemd, minniháttar frávik frá öryggisákvæðum

Gerð er athugasemd við frávik frá öryggisákvæðum, sem ekki eru talin hafa í för með sér að öryggi manna, húsdýra eða eigna sé stefnt í hættu þegar raffangið er rétt upp sett, því við haldið og það notað með þeim hætti sem til er ætlast. Ekki er talið að samverkandi þættir auki vægi einstakra athugasemda sem gerðar eru.

Stig 2: Grunur um alvarleg frávik frá öryggisákvæðum

Grunur leikur á um að raffangið uppfylli í veigamiklum atriðum ekki öryggisákvæði og geti stefnt öryggi manna, húsdýra eða eigna í hættu þegar það er rétt upp sett, því við haldið og það notað með þeim hætti sem til er ætlast.

Stig 3: Grunur um mjög alvarleg frávik frá öryggisákvæðum

Grunur leikur á um að í veigamiklum atriðum uppfylli raffangið ekki öryggisákvæði reglugerðar um raforkuvirki og geti haft í för með sér, að öryggi manna, húsdýra eða eigna sé stefnt í bráða og alvarlega hættu, þegar

Það er rétt upp sett, því við haldið og það notað með þeim hætti sem til er ætlast.

4. Flokkar skoðana

4.1 *A-flokkur skoðana*

A-skoðanir miðast við að skima sölustaði, þ.e. skoða lauslega sem flestar gerðir raffanga með það að markmiði að sigta út rafföng sem ekki uppfylla öryggis- eða formkröfur reglugerðar um raforkuvirki.

Nota skal skoðunarvottorð á formi sem Mannvirkjastofnunin samþykkir.

Uppfylli raffang ekki öryggis- eða formkröfur skal fyllt út skoðunarvottorð í B-flokki.

4.2 *B-flokkur skoðana*

Skoðanir í B-flokki miðast við að ganga úr skugga um, eins og kostur er, hvort viðkomandi raffang uppfylli ákvæði reglugerðar um raforkuvirki og/eða reglugerðar um rafsegulsamæfi.

Einnig skal ganga úr skugga um hvort formleg skilyrði til markaðssetningar séu uppfyllt.

Fyrir hvert raffang sem skoðað er, skal fyllt út skoðunarvottorð á formi sem Mannvirkjastofnunin samþykkir. Athugasemdir og niðurstöður skoðunarinnar skulu skráðar á vottorðið.

Af hverju raffangi sem skoðað er, skal taka stafrænar litmyndir, nægilega margar til að hægt sé að átta sig á heildarútliti þess og til skýringar eða staðfestingar á þeim athugasemdum sem gerðar eru. Einnig skulu teknar myndir af merkiskilti raffangsins og umbúðum þess, sbr. vlr.

5. Meðferð skoðunarvottorða

Upplýsingar um staðfestingar á samræmi raffanga við öryggisákvæði, sem ábyrgðaraðilar leggja fram skulu skráðar á skoðunarvottorð. Það sama á við um merki tilkynnts aðila, beri raffangið slíkt.

Allar athugasemdir sem gerðar eru, skulu skráðar á skoðunarvottorð á skoðunarstað, sé það með góðu móti mögulegt. Þyki nauðsynlegt að gera nánari grein fyrir athugasemdum til viðbótar því sem skráð er á vottorðið skal það gert með sérstökum viðauka. Vísa skal til slíks viðauka á skoðunarvottorði.

Athugasemdir sem gera þarf að mati skoðunarmanns en ekki eru skilgreindar í skoðunarhandbók skulu vera í samræmi við viðeigandi staðla eða önnur kröfuskjöl, sbr. kafla 1, hér að framan.

Gera skal seljanda eða umráðanda raffangs, grein fyrir niðurstöðu skoðunarinnar og áframhaldandi málsmeðferð, ef einhver er. Ef skoðunarmaður álitur að málið þarfnist frekari rannsóknar skal þess getið á skoðunarvottorðinu að málsmeðferð sé ekki lokið og að annað vottorð verði gefið út að lokinni frekari skoðun.

Frumrit skoðunarvottorða skulu afhent seljanda eða umráðanda raffangsins sem skoðað var. Skoðunarstofan skal vista afrit vottorða í samræmi við ákvæði verklagsreglna þar að lútandi. Einnig skal afhenda Mannvirkjastofnun afrit skoðunarvottorða.

Sé talið nauðsynlegt að gera breytingar á skoðunarskýrslu eða -vottorði eftir að skoðun lýkur skal skoðunarstofan gefa út endurskoðað skoðunarvottorð og koma því til allra hlutaðeigandi.

Skoðunarmenn bera ábyrgð á skoðunarvottorðum og öðrum gögnum sem send eru eða afhent vegna meðferðar mála. Þeir skulu staðfesta öll slík gögn með undirskrift sinni.

5.1 Meðferð A-vottorðs

Á A-vottorð skal skrá eftirfarandi upplýsingar:

- Verknúmer skoðunarstofu og dagsetning skoðunar.
- Almennar upplýsingar um söluaðila sem skoðað er hjá er, s.s. nafn fyrirtækis, kennitala, heimilisfang, póstfang, símanr. o.þ.h. ásamt nafni tengiliðs.
- Hvort fræðsluefni hafi verið afhent.
- Fjöldi raffanga sem „skimuð“ eru í hverjum flokki raffanga, sbr. flokkun í kafla 11.5 í verklagsreglum. Einnig komi fram heildarfjöldi „skimaðra“ raffanga í heimsókn.
- Fjöldi raffanga sem fengu aths. við öryggi eða voru tekin til nánari skoðunar vegna gruns um slíkt.
- Fjöldi raffanga sem beðið var/verður um gögn fyrir (öll sem gerðar eru við aths.).
- Undirskrift skoðunarmanns og söluaðila eða fulltrúa hans. Með undirskrift sinni tekur skoðunarmaður ábyrgð á að niðurstaða skoðunar og framkvæmd sé í samræmi við verklagsreglur. Undirskrift seljanda

eða fulltrúa hans telst staðfesting á að skoðun hafi farið fram. Neiti hann að undirrita skoðunarvottorð skal gerð grein fyrir því á skoðunarvottorðinu

Sé talin ástæða til að gera athugasemdir við markaðssetningu raffangs, skal fylla út B-skoðunarvottorð skv. reglum um B-skoðanir.

Öll „A-blöð“ sem fyllt eru út á sama skoðunarstað og tilheyra sama verki eða undirverki teljast eitt skoðunarvottorð.

5.2 Meðferð B-vottorðs

Á B-vottorð skal skrá eftirfarandi upplýsingar:

- Verknúmer skoðunarstofu og dagsetning skoðunar. Verknr. B-skoðunar skal vera í rökréttu samhengi við verknúmer A-skoðunar.
- Almennar upplýsingar um söluaðila sem raffang er skoðað hjá eða sýnishorn er tekið til skoðunar hjá, s.s. nafn fyrirtækis, kennitala, heimilisfang, pósthfang, símanr. o.þ.h. ásamt nafni tengiliðs.
- Sömu almennu upplýsingarnar um ábyrgðaraðila sé hann annar en söluaðili.
- Lágmarksauðkenni sýna, sbr. kafla 5.4 í verklagsreglum.
- Lýsing á raffangi ásamt upprunamerkingum, framleiðslulandi, merkjum tilkynnta aðila eða annarra skoðunar- eða samþykktaraðila, málstærðum og öðrum upplýsingum sem máli skipta. Flokkur raffangs, sbr. kafla 11.5 í verklagsreglum, komi einnig fram.
- Greinilegar upplýsingar um hvort raffang beri CE-merkingu eða ekki. Beri raffang ekki CE-merkingu skal koma fram hvort slíka merkingu sé að finna á umbúðum eða meðfylgjandi gögnum. Einnig skal koma fram ef CE-merking á ekki við (fellur ekki undir tilskipanir).
- Fyrirliggjandi staðfestingar á samræmi raffanga við öryggisákvæði, s.s. yfirlýsingar framleiðenda um samræmi.
- Allar athugasemdir sem gerðar eru við raffangið, númer skoðunaratriðis í skoðunarhandbók og flokk athugasemdar (1-3). Telji skoðunarmaður að skoðunaratriði (dæmingu) vanti í skoðunarhandbók skal vísa í önnur kröfuskjöl, s.s. reglugerð um raforkuvirki eða viðeigandi staðal. Einnig skal koma fram samantekt athugasemda í hverjum flokki (1, 2 eða 3) ásamt skýringum á alvarleika hvers athugasemdaflokks.
- Staðla sem kunna að hafa verið notaðir við skoðun.
- Mælitæki sem notuð hafa verið.
- Upplýsingar um að málið verði sendar Mannvirkjastofnun til frekari meðferðar.
- Undirskrift skoðunarmanns og söluaðila eða fulltrúa hans. Með undirskrift sinni tekur skoðunarmaður ábyrgð á að niðurstaða skoðunar og framkvæmd sé í samræmi við verklagsreglur. Undirskrift seljanda eða fulltrúa hans telst staðfesting á að skoðun hafi farið fram. Neiti hann að undirrita skoðunarvottorð skal gerð grein fyrir því á skoðunarvottorðinu.

- Sé sýnishorn tekið skal skrá það á skoðunarvottorðið ásamt númeri kvittunar.
- Sé beðið um gögn, skal skrá það á skoðunarvottorðið ásamt númeri beiðnar.

Markaðseftirlit með rafföngum
Skoðunarhandbók

Útgáfa 9 - 2018

1 Áletranir, viðvaranir og leiðbeiningar

1.1 Upprunamerkingar

- 1.1.0 Upprunamerkingar*
- 1.1.1 Nafn eða vörumerki framleiðanda*
- 1.1.2 Gerðarmerking*

1.2 Málstærðir

- 1.2.0 Málstærðir*
- 1.2.1 Málspenna*
- 1.2.2 Málafl eða málstraumur*
- 1.2.3 Máltíðni*
- 1.2.5 Aflstuðull*
- 1.2.6 Notkunarvið*

1.3 Varnarflokkur

- 1.3.1 Einangrunarflokkur*
- 1.3.2 Ryk- og rakavörn*

1.4 Áletranir innan raffangs

- 1.4.1 Áletranir við tengi fasa- og núlltauga*
- 1.4.2 Jarðtengimerki*
- 1.4.3 Áletranir á íhlutum*

1.5 Áletranir sem varða stjórnbúnað og gaumljós

- 1.5.1 Aðalrofi*
- 1.5.2 Stillihningar*
- 1.5.3 Gaumljós*
- 1.5.4 Skiptirofar fyrir spennusvið*

1.6 Aðrar áletranir

- 1.6.1 Aðrar áletranir*

1.7 Leiðbeiningar og viðvaranir

- 1.7.1 Uppsetning eða notkun*
- 1.7.2 Vélrænar hættur*

1.8 Frágangur og þol áletrana

- 1.8.1 Læsileiki áletrana*
- 1.8.2 Varanleiki áletrana*

2 Snertivarnir og einangrun

2.1 Snertivörn

- 2.1.1 Einangrunarflokkur*
- 2.1.2 Rof innspennu við þjónustu raffangs*
- 2.1.3 Aðgengi að spennuhafa búnaði*
- 2.1.6 Afhleðsla þétta o.þ.h. búnaðar*

2.2 Jarðtenging

- 2.2.1 Staðsetning jarðtengis*
- 2.2.2 Gerð jarðtengibúnaðar*
- 2.2.3 Losvörn jarðtengingar*
- 2.2.4 Litur jarðtauga*
- 2.2.5 Tæringarvörn jarðtengis*
- 2.2.6 Jarðleiðni*

2.3 Rafstyrkur og þol einangrunar

- 2.3.1 Einangrunarviðnám
- 2.3.2 Spennuþol einangrunar

2.5 Einangrun

- 2.5.1 Efni í snertingu við spennuhafa leiðara
- 2.5.2 Einangrun aðtauga
- 2.5.3 Þol / vörn einangrunar gegn óhreinindum

3 *Hitun og hitaþol*

3.1 Hitun

- 3.1.1 Hitamyndun á snertiflötum
- 3.1.2 Hitamyndun utan raffangs
- 3.1.3 Hitamyndun innan raffangs

3.2 Hitaþol

- 3.2.1 Hitaþol umgerðar
- 3.2.2 Hitaþol íhluta / ítauga

4 *Vörn gegn snertingu, ryki og vatni*

4.1 Varnarflokkur

- 4.1.1 Bygging eða notkun

4.3 Rakavörn

- 4.3.1 Varnarflokkar
- 4.3.2 Þéttihringir og pakkningar
- 4.3.4 Afrennslisgöt

5 *Vélrænir eiginleikar*

5.1 Vélrænn styrkur

- 5.1.1 Styrkur umgerðar
- 5.1.2 Öryggishlífar
- 5.1.3 Festing handfanga, rofa o.þ.h.
- 5.1.4 Upphengi og festingar

5.2 Stöðugleiki

- 5.2.1 Stöðugleiki

5.3 Vélrænar hættur

- 5.3.1 Vélrænar hættur

6 *Leiðarar, straumberandi tengingar og taugabrautir*

6.1 Leiðarar

- 6.1.1 Aðtaug
- 6.1.2 Straumburður leiðara
- 6.1.4 Efni í leiðurum

6.2 Aðtaug: Tengi, tengimáti og kló

- 6.2.1 Undirbúningur leiðara fyrir tengingu
- 6.2.2 Gerð tengis
- 6.2.3 Tengimáti aðtauga fasttengdra raffanga
- 6.2.4 Staðsetning og festing tengibúnaðar
- 6.2.5 Tengibrýstingur og styrkur tenginga
- 6.2.6 Kló aðtaugar

6.3 Tengi og tengimáti

- 6.3.1 Frágangur tenginga
- 6.3.3 Lóðaðar tengingar
- 6.3.4 Þol / vörn tenginga gegn óhreinindum
- 6.3.5 Losvörn straumberandi tenginga

6.4 Álagsvörn tauga

- 6.4.1 Snúningsvörn
- 6.4.2 Togfesta
- 6.4.3 Beygjuvörn

6.5 Taugabrautir

- 6.5.1 Brúnir taugabrauta

7 Varbúnaður

7.1 Varbúnaður

- 7.1.1 Búnaður til varnar skemmdum af völdum yfirálags
- 7.1.2 Búnaður til varnar skemmdum af völdum yfirhita
- 7.1.3 Málstærðir og rofmrök varbúnaðar
- 7.1.5 Innsetning varbúnaðar

8 Skriðbil, loftbil og þykkt einangrunar

8.1 Skriðbil

- 8.1.1 Milli póla
- 8.1.2 Milli rása
- 8.1.3 Milli rása og umgerðar

8.2 Loftbil

- 8.2.1 Milli póla
- 8.2.2 Milli rása
- 8.2.3 Milli rása og umgerðar

8.3 Þykkt einangrunar

- 8.3.1 Einangrun leiðara
- 8.3.2 Einangrun milli rása

8.5 Festing íhluta

- 8.5.1 Festing íhluta

9 Hitapol, eldþol og brunapol

9.1 Brennanlegt efni - Eldvarnir

- 9.1.1 Þol umgerðar gegn háum hita og eldi
- 9.1.2 Þol einangrunarefnis gegn háum hita og eldi
- 9.1.3 Brennanlegt efni í snertingu við straumberandi leiðara

I Áletranir, viðvaranir og leiðbeiningar

1.1 Upprunamerkingar

1.1.0 Upprunamerkingar

1.1.0.1 Upprunamerkingar vantar á raffangið sjálf **S** **2** Öll rafföng skulu bera upprunamerkingar, nafn eða merki framleiðanda ásamt gerðarmerkingu eða verðlistanúmeri. Sé það ekki mögulegt skulu þessar upplýsingar koma fram á umbúðum raffangsins.

1.1.0.2 Upprunamerkingar ekki á raffangi, þó á umbúðum eða meðfylgjandi **S** **1** Sjá ofan.

1.1.1 Nafn eða vörumerki framleiðanda

1.1.1.1 Nafn framleiðanda eða vörumerki vantar á raffang, gerðarmerking þó á raffangi **S** **1** Öll rafföng skulu bera nafn framleiðanda eða vörumerki. Sé ekki mögulegt að þessar áletranir séu á raffanginu sjálfu er þó nægilegt að þær séu á umbúðum.

1.1.1.2 Nafn framleiðanda eða vörumerki vantar á raffang, gerðarmerking þó á umbúðum eða meðfylgjandi **S** **1** Sjá ofan.

1.1.1.3 Nafn framleiðanda eða vörumerki vantar á raffang, þó á umbúðum eða meðfylgjandi **S** **1** Sjá ofan.

1.1.2 Gerðarmerking

1.1.2.1 Gerðarmerkingar ekki á raffangi, nafn framleiðanda þó á raffangi **S** **1** Öll rafföng skulu bera gerðarmerki sem auðkennir þau frá öðrum rafföngum sama framleiðanda.

1.1.2.2 Gerðarmerkingar ekki á raffangi, nafn framleiðanda þó á umbúðum eða meðfylgjandi **S** **1** Sjá ofan.

1.1.2.3 Gerðarmerkingar ekki á raffangi, þó á umbúðum eða meðfylgjandi **S** **1** Sjá ofan.

1.2 Málstærðir

1.2.1 Málspenna

1.2.1.1 Gildi málspennu fyrir utan 220-240V einfasa eða pr. fasa, og ekki getið um sérstakan notkunarstað eða aðstæður **S** **2** Málgildi innspennu og útspennu, ef við á. Málspenna raffanga sem gerð eru til notkunar við almennt veitukerfi skal fela í sér spennugildið 230V (einfasa raffang) eða 3N400V. Tegund spennu (riðspenna, jafnspenna) skal einnig merkt á raffangið, sjá einnig 1.2.3. Ekki er nauðsynlegt að málspenna sé skráð á venjulega glóperulampa.

1.2.1.2 Málspenna ekki merkt á raffang sem gert er fyrir notkun við almenna veitukerfið - þó ekki talið valda hættu **S** **1** Sjá ofan.

1.2.1.3 Málspenna ekki skráð á raffang sem gert er fyrir notkun við annað en almenna veitukerfið - talið geta valdið hættu **S** **2** Sjá ofan.

1.2.1.4 Gildi eða tegund útspennu ekki merkt - talið geta haft áhrif á öryggi raffangs eða annarra raffanga sem kunna að verða tengd því. **S** **2** Sjá ofan.

1.2.2 *Málafl eða málstraumur*

- | | | | | |
|---------|--|---|---|---|
| 1.2.2.1 | Málafl ekki merkt á raffang eða sýnilegt eftir uppsetningu - ekki talið hafa áhrif á öryggi | S | 1 | Málafl eða orkunotkun raffangs skal skráð ef hún hefur áhrif á notkun raffangsins eða öryggi þess (t.d. afl í vöttum (W) eða voltamperum (VA), málstraumur (inn, eða út) í amperum (A)). Í glóperulömpum og sambærilegum rafföngum skal hámarksstærð þera skráð á raffangið. Ekki er nauðsynlegt að skrá málafl annarra raffanga ef það er innan við 25W. |
| 1.2.2.2 | Málafl ekki merkt - talið nauðsynlegt til að nota raffangið á réttan hátt | S | 2 | Sjá ofan. Dæmi: Perustærð í glóperulampa. |
| 1.2.2.3 | Málafl ekki sýnilegt eftir uppsetningu - talið nauðsynlegt til að nota raffangið á réttan hátt | S | 2 | Sjá ofan. Dæmi: perustærð glóperulampa. |

1.2.3 *Máltíðni*

- | | | | | |
|---------|--|---|---|--|
| 1.2.3.1 | Máltíðni ekki skráð á raffang og hún er ekki 50Hz, þó ekki verulegt frávik - ekki talið hafa áhrif á öryggi raffangsins. | S | 1 | Tíðni innspennu (og útspennu ef við á) sem raffang er gert fyrir, mælt í Hz. |
| 1.2.3.2 | Skráð máltíðni raffangs ekki merkt eða önnur en 50 Hz - talið geta haft áhrif á öryggi | S | 2 | Sjá ofan. |

1.2.6 *Notkunarsvið*

- | | | | | |
|---------|---|---|---|--|
| 1.2.6.1 | Notkunarsvið ekki skráð - talið geta valdið hættu | S | 2 | Notkunarsvið raffangsins skal skráð, sé það nauðsynlegt. Dæmi: innanhúsnotkun eingöngu; utanhúsnotkun heimil; innan sprengihættusviðs. |
|---------|---|---|---|--|

1.3 *Varnarflokkur*

1.3.1 *Einangrunarflokkur*

- | | | | | |
|---------|---|---|---|--|
| 1.3.1.1 | Raffang í fl. II - merki eða áletrun röng eða vantar | S | 1 | Raffang í einangrunarflokki II (tvöföld einangrun) skal bera viðeigandi merki eða áletranir. |
| 1.3.1.2 | Raffang í fl. III - merki eða áletrun röng eða vantar | S | 1 | Raffang í einangrunarflokki III (varnarsmáspenna) skal bera viðeigandi merki eða áletranir. |

1.3.2 *Ryk- og rakavörn*

- | | | | | |
|---------|---|---|---|--|
| 1.3.2.1 | Merki eða áletrun röng eða vantar á raffang, ekki talið hafa áhrif á öryggi | S | 1 | Rafföng sem eru varin gegn ryki eða raka skulu bera IP merkingu eða tákn þar að lútandi. IP20 telst óvarið raffang - þarf ekki að bera merki eða tákn. Sjá einnig kafla 4. |
| 1.3.2.2 | Merki eða áletrun röng eða vantar á raffang, talið geta valdið hættu | S | 2 | Sjá ofan. |

1.4 Áletranir innan raffangs

1.4.1 Áletranir við tengi fasa- og núlltauga

- 1.4.1.1 Fasa- og núlltengi í einfasa raffangi ekki nægilega merkt **S 1** Fasa- og núlltengi skulu merkt á fullnægjandi hátt ef um er að ræða raffang sem notandi tengir eða er með aðtaug sem hægt er að skipta um. Dæmi um merkingar: L og N. Merking ekki nauðsynleg sé um að ræða raffang sem ekki er endurtengjanlegt.
- 1.4.1.2 Fasa- og núlltengi í fjölfasa raffangi ekki nægilega merkt - talið geta valdið hættu fyrir notanda **S 2-3** Í fjölfasa raffangi skulu fasa- og núlltengi nægilega aðgreind. Dæmi L1, L2, L3 eða R, S, T. Nægileg merking getur t.d. verið tengimynd.

1.4.2 Jarðtengimerki

- 1.4.2.1 Jarðtengi á raffangi í flokk I ekki merkt - talið geta orsakað ranga tengingu og hættu fyrir notanda **S 2-3** Á við endurtengjanlegt raffang í flokki I: jarðtengi skal aðgreint frá fasa- og núlltengjum með jarðtengitákni.
- 1.4.2.2 Jarðtengimerki á raffangi í flokki 0, II eða III **S 1** Jarðtengimerki skal ekki notað á rafföngum í einangrunarflokkum 0, II eða III.

1.4.3 Áletranir á íhlutum

- 1.4.3.1 Ómerktur íhlutur - getur haft áhrif á öryggi raffangs **S 2** Íhlutir sem hægt er að skipta um skulu vera merktir ef röng stærð gæti valdið hættu.
- 1.4.3.2 Málstærðir íhlutar hæfa ekki notkun í raffangi - talið að geti valdið hættu **S 2** Málstærðir íhluta skulu vera í samræmi við notkun þeirra í raffanginu. Spennu- og straupól skal vera yfir mörkum m.v. gildi straums og spennu í þeim hluta raffangsins sem íhluturinn tengist.

1.5 Áletranir sem varða stjórnbúnað og gaumljós

1.5.1 Aðalrofi

- 1.5.1.1 Aðalrofi ekki nægilega merktur - talið geta valdið hættu **S 2** Aðalrofi raffangs skal merktur þannig að greinilegt sé hvort raffang sé í notkun nema það sé ljóst á annan hátt. Dæmi um fullnægjandi áletranir á rofa er 0,1 eða af/á.

1.5.2 Stillihnappar

- 1.5.2.1 Stillihnappur ekki nægilega merktur - talið geta valdið hættu **S 2** Hitastillar o.þ.h. skulu merktir þannig að notkun þeirra og virkni sé greinileg. Dæmi: +,- eða max/min.

1.5.3 Gaumljós

- 1.5.3.1 Gaumljós ekki nægilega merkt - talið geta valdið hættu **S 2** Gaumljós sem varða öryggi raffangs skulu nægilega merkt til að ljóst sé hvaða hlutverki þau gegna.

1.5.4 Skiptirofar fyrir spennusvið

- 1.5.4.1 Skiptirofi fyrir spennusvið ekki nægilega merktur - talið geta valdið hættu **S 2** Skiptirofar fyrir spennusvið raffangs skulu merkir þannig að greinilegt sé hvaða spennu raffangið er stillt á hverju sinni.

1.6 Aðrar áletranir

1.6.1 Aðrar áletranir

- | | | | | |
|---------|--|---|---|---|
| 1.6.1.1 | Nauðsynlegar áletranir sem varða rétta og örugga notkun ekki á raffangi, talið geta valdið hættu | S | 2 | Aðrar áletranir sem þekkja þarf til að nota raffang á réttan og öruggan hátt skulu vera á raffangi eða í meðfylgjandi leiðbeiningum. Dæmi: F-merking á flúrlömpum, tegund peru í lömpum sem gerðir eru fyrir sérhæfðar perur, hámarksumhverfishiti, o.fl. |
| 1.6.1.2 | Nauðsynlegar áletranir sem varða rétta notkun ekki á raffangi, ekki talið geta valdið hættu | S | 1 | Sjá ofan. |

1.7 Leiðbeiningar og viðvaranir

1.7.1 Uppsetning eða notkun

- | | | | | |
|---------|---|---|---|--|
| 1.7.1.1 | Nauðsynlegar leiðbeiningar eða viðvaranir sem varða rétta og örugga notkun raffangsins ekki meðfylgjandi, talið geta valdið hættu | S | 2 | Rafföngum skulu fylgja leiðbeiningar og viðvaranir sem varða uppsetningu þeirra eða notkun. Slíkar upplýsingar sem teljast mikilvægar til að tryggja örugga notkun raffanga skulu vera á íslensku eða öðru tungumáli sem Mannvirkjastofnun hefur samþykkt til slíkra nota. |
| 1.7.1.2 | Nauðsynlegar leiðbeiningar eða viðvaranir sem varða rétta notkun raffangsins ekki meðfylgjandi, ekki talið valda hættu | S | 1 | Sjá ofan. |

1.7.2 Vélrænar hættur

- | | | | | |
|---------|--|---|---|--|
| 1.7.2.1 | Leiðbeiningar eða viðvaranir sem varða vélrænar hættur ekki meðfylgjandi | S | 2 | Rafföngum skulu fylgja leiðbeiningar og viðvaranir um atriði sem varða vélrænt öryggi. Leiðbeiningarnar skulu vera á tungumáli sem Mannvirkjastofnun hefur samþykkt til slíkra nota. |
|---------|--|---|---|--|

1.8 Frágangur og þol áletrana

1.8.1 Læsileiki áletrana

- | | | | | |
|---------|--|---|-----|---|
| 1.8.1.1 | Áletranir sem varða öryggi eða uppruna óskýrar | S | 1-2 | Áletranir sem varða uppruna eða öryggi skulu vera greinilegar og vel læsilegar. |
|---------|--|---|-----|---|

1.8.2 Varanleiki áletrana

- | | | | | |
|---------|---|-----|-----|--|
| 1.8.2.1 | Áletranir sem varða öryggi eða uppruna ekki nægilega festar | S | 1-2 | Áletranir sem varða uppruna eða öryggi skulu vera varanlega festar. |
| 1.8.2.2 | Áletrun verulega máð eftir nuddprófun - þó læsileg | M+P | 1 | Áletranir sem varða uppruna eða öryggi skulu ekki mást auðveldlega af. Nuddprófun: Nuddað með vatni í 15s og hreinsuðu bensíni í 15s. |
| 1.8.2.3 | Áletrun illlæsileg eftir nuddprófun | M+P | 2 | Sjá ofan. |
| 1.8.2.4 | Vafi leikur á um að áletranir séu nægilega hitaþolnar | S | 1-2 | Áletranir skulu vera nægilega þolnar gegn hita sem myndast við venjulega notkun. Aflitun áletrana á raffangi sem verið hefur í notkun telst vísbending um að áletranir séu ekki nægilega hitaþolnar. |
| 1.8.2.5 | Áletranir standast ekki kröfur staðla um hitaþol | P | 2 | Sjá ofan. |

2 Snertivarnir og einangrun

2.1 Snertivörn

2.1.1 Einangrunarflokkur

2.1.1.1	Einangrunarflokkur raffangs annar en viðkomandi staðlar heimila, þó ekki talið skapa hættu fyrir notanda.	S	1	Rafföng skulu uppfylla skilyrði eins effirfarandi einangrunarflokka: Flokkur I: Jarðtengt raffang, Flokkur II: Tvöföld einangrun, Flokkur III: Varnarsmáspenna. Einstakir staðlar skilgreina nánar þá einangrunarflokka sem heimilt er að nota.
2.1.1.2	Einangrunarflokkur raffangs rangur m.v. notkun þess - hætta.	S	2	Sjá ofan. Dæmi: Raffang í snertingu við húð eða hár ekki í einangrunarflokki II.
2.1.1.3	Bygging raffangsins er ekki í samræmi við kröfur um viðkomandi einangrunarflokk	S	2-3	Sjá ofan.
2.1.1.4	Rafföng í öðrum flokkum en I jarðtengd eða með jarðtengibúnaði	S	1-2	Rafföng í flokkum II og III má ekki vera hægt að jarðtengja.

2.1.2 Rof innspennu við þjónustu raffangs

2.1.2.1	Nauðsynlegan rofbúnað vantar	S M	2-3	Rafföng skulu þannig gerð að hægt sé að tengja þau frá veitu við þjónustu - búin aðalrofa, kló eða sbrl. búnaði. Heimilt getur verið að láta fylgja leiðbeiningar með raffangi sem skilgreina rofa sem nota skal framan við raffangið. Þó eru e.t.v. til undantekningar v. fasttengdra raffanga (í skoðun hjá LS).
2.1.2.2	Rofbúnaður ófullnægjandi, hluti raffangs spennuhafa eftir rof	S+M	2	Rof skal framkvæmt framan við allan búnað, t.d. er ófullnægjandi að rofi sé á eftirvafi spennis.

2.1.3 Aðgengi að spennuhafa búnaði

2.1.3.1	Spennuhafa hlutar raffangs snertanlegir við venjulega notkun	S+M	3	Komið skal í veg fyrir að aðgengilegir hlutar raffangs séu spennuhafa. Þar er átt við hluta sem hægt er að snerta eftir að hlífar sem ekki þarf verkfæri til að losa hafa verið fjarlægðar. Á þó ekki við um peruhöldur glóperulampa og sambærilegan búnað. Prófað með próffingri.
2.1.3.2	Tengibúnaður snertanlegur, þó ekki hætta á snertingu við leiðandi málmhluti	S	1	Sjá ofan.
2.1.3.3	Einföld einangrun snertanleg á raffangi í flokki I	S	1	Sjá ofan.
2.1.3.4	Einföld einangrun snertanleg á raffangi í flokki II	S	2	Sjá ofan.

2.1.6 Afhleðsla þétta o.þ.h. búnaðar

2.1.6.1	Hætta á að notandi fái raflost þegar kló er fjarlægð	S+M	1-2	Þannig skal gengið frá þéttum og sbrl. búnaði í rafföngum að ekki sé hætta á að notandi fái raflost, t.d. þegar kló er fjarlægð.
---------	--	-----	-----	--

2.2 Jarðtenging

2.2.1 Staðsetning jarðtengis

2.2.1.1	Verulegt bil milli jarðtengis og innspennutengja	S	1	Jarðtengi skulu vera nálægt fasa- og núlltengjum (L og N).
---------	--	---	---	--

2.2.2 Gerð jarðtengibúnaðar

- | | | | | |
|---------|--|---|-----|---|
| 2.2.2.1 | Tengibúnaður uppfyllir ekki kröfur um tengibúnað | S | 1-2 | Jarðtengi skulu uppfylla kröfur um tengi aðtauga (fasa- og núlltauga), sjá skilgreiningu í kafla 6.2.2. |
| 2.2.2.2 | Sjálfsnittandi skráfur notaðar á rangan hátt til jarðtengingar | S | 2 | Sjálfsnittandi eða sbri. skráfur skulu ekki notaðar til jarðtengingar, þó heimilt að nota til framhaldstengingar innan raffangs séu tvær eða fleiri slíkar skráfur notaðar á hvern leiðara. |

2.2.3 Losvörn jarðtengingar

- | | | | | |
|---------|---|---|-----|--|
| 2.2.3.1 | Ekki nægileg losvörn jarðtengis | S | 1-2 | Jarðtengingar skulu vera með losvörn, t.d. spenniskífu eða lakkinnsigli. |
| 2.2.3.2 | Hægt að losa jarðtengi án þess að nota verkfæri | S | 2 | Ekki má vera hægt að losa jarðtengingu án þess að nota verkfæri. |

2.2.4 Litur jarðtauga

- | | | | | |
|---------|--|---|---|---|
| 2.2.4.1 | Rangur litur á jarðleiðara - hætta á rangri tengingu | S | 2 | Miðað skal við að jarðtaugar séu gul/grænar. Þó er heimilt að nota aðra liti til jarðtengingar innan raffangs sé ekki hætta á röngum tengingum við viðhald. |
| 2.2.4.2 | Gul/græn taug notuð til annars en jarðtengingar | S | 2 | Gul/græna leiðara má ekki nota til annars en jarðtengingar. |

2.2.5 Tæringarvörn jarðtengis

- | | | | | |
|---------|--|---|---|---|
| 2.2.5.1 | Veruleg hætta á tæringu vegna snertingar leiðara og tengis | P | 2 | Skrúfur og aðrir hlutar jarðtengis skulu gerðir úr málm sem þolir snertingu við jarðleiðara - þol gegn galvanískri tæringu af völdum snertingar mismunandi málna. |
|---------|--|---|---|---|

2.2.6 Jarðleiðni

- | | | | | |
|---------|---|---|-----|--|
| 2.2.6.1 | Leiðnisamband við snertanlega málmhluta ekki nægilegt, <10% frávik | M | 1-2 | Nægilegt: Leiðnisamband skal vera við alla snertanlega málmhluta sem geta orðið spennuhafa við bilun - sjá viðmiðunartöflu. Mælt með fjölmæli ef nauðsynlegt þykir. Leiki vafi á að leiðnisamband sé nægilegt eftir slíka mælingu skal hún endurtekin með jarðviðnámsmæli. |
